



Samstarfsyfirlýsing Þingvallanefndar og Skógræktar ríkisins



TIL JÓNIS LÓFTSS.

Í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá því skógrækt hófst með skipulegum hætti á Íslandi með gróðursetningu á Þingvöllum, lýsa Þingvallanefnd og Skógrækt ríkisins yfir eftirfarandi:

Þingvallanefnd mun halda áfram góðu samstarfi sínu við Skógrækt ríkisins við ræktun, varðveislu og hirðingu trjágróðurs innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Mun nefndin leita faglegra ráða hjá skógræktinni bæði vegna náttúrulegs birkiskóglendis og gróðursettra skóga.

Skógrækt ríkisins leggur til sérfróða starfsmenn sína til að sinna eftirliti í umboði Þingvallanefndar og standa að sérstökum aðgerðum sé þeirra talin þörf.

Sérstaklega skal hugað að Furulundinum og tekið mið af því að elstu trén fái að njóta sín sem best og lengst.

Stefnt skal að úttekt á skóglendi innan þjóðgarðsins og á grundvelli hennar verði hugað að sérstökum aðgerðum, sé þeirra talin þörf.

Þingvöllum 8. ágúst 1999

Björn Bjarnason
formaður Þingvallanefndar

Jón Loftsson
skógræktarstjóri

Skógrækt  á Íslandi í 100 ár